

# TÓLF ERFÐAVENJURNAR SLAA \*

1. Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrúmi. Bati hvers og eins byggist á einingu SLAA samtakanna.
2. Hver deild hefur aðeins einn leiðtoga: algóðan guð, eins og hann birtist í deildarsamviskunni. Fyrirsvarsmenn okkar eru aðeins þjónar sem við treystum, ekki stjórnendur.
3. Til að gerast SLAA félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að losna undan ástar- og kynlífsfíkn.
4. Sérhver SLAA deild ætti að vera sjálfráða nema í málefnum sem snerta aðrar deildir eða SLAA samtökin í heild.
5. Sérhver deild hefur aðeins eitt meginmarkmið: Að flytja ástar- og kynlífsfíklum sem enn þjást boðskap samtakanna.
6. SLAA deild ætti aldrei að ljá öðrum samtökum eða málstað nafn sitt, fjármagn eða fylgi – svo lausafé, eignir eða upphefð fjarlæggi okkur ekki upphaflegum tilgangi.
7. Sérhver SLAA deild ætti að vera algjörlega á eigin framfæri og hafna utanaðkomandi framlögum.
8. Tólfta-spors starf SLAA ætti ávallt að vera í höndum áhugamanna en þjónustumiðstöðvar okkar mega ráða launaða starfskrafta.
9. Deildirnar, sem slíkar, ætti aldrei að skipuleggja, en við getum myndað þjónusturáð eða nefndir, sem ábyrgar eru gagnvart þeim, sem þær þjóna.
10. SLAA deildirnar taka enga afstöðu til annara málefna en sinna eigin, þess vegna ætti aldrei að blanda nafni okkar í opinber deilumál.
11. Stefna okkar í kynningarmálum byggist á aðlöðun fremur en áróðri og skyldum við ætíð varðveita eigin nafnleynd í fjölmiðlum.
12. Nafnleynd er hinn andlegi grundvöllur allra erfðavenja okkar og minnir okkur ætíð á að setja málefni og markmið ofar einstaklingum.

\*©1985 The Augustine Fellowship, S.L.A.A., Fellowship-Wide Services, Inc. All Rights Reserved.

Erfðavenjurnar tólf eru birtar og aðlagðar með leyfi frá heimsþjónustu AA samtakanna. Leyfið til að birta og aðlaga erfðavenjurnar tólf er þó ekki til marks um að AA samtökin séu tengd þessari bataleið. AA er eingöngu leið til að ná bata frá áfengisfíkn, notkun erfðavenjanna tólf í tengslum við bataleiðir og athafnir, sem taka mið af AA, en taka á öðrum vandamálum, eru ekki til marks um annað.

## 12 ERFÐAVENJUR AA SAMTAKANNA

1. Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrúmi. Bati hvers og eins er undir einingu AA-samtakanna kominn. 2. Í málum deilda er aðeins einn leiðtogi, kærleiksríkur Guð eins og hann birtist í samvisku hvers hóps. Forsvarsmenn okkar eru þjónar sem við treystum en ekki stjórnendur. 3. Til þess að gerast AA-félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að hætta að drekka. 4. Sérhver AA-deild á að vera sjálfstæð nema í málum er varða aðrar deildir eða AA-samtökin í heild. 5. Sérhver deild hefur aðeins eitt meginmarkmið: Að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap samtakanna. 6. AA-deild ætti aldrei að ljá öðrum samtökum eða málstað nafn sitt, fjármagn eða fylgi svo lausafé, eignir eða upphefð fjarlæggi okkur ekki upphaflegum tilgangi. 7. Sérhver AA-deild ætti að standa á eigin fótum og hafna utanaðkomandi fjárhagsaðstoð. 8. Félagar í AA-samtökunum eru ætíð einungis áhugamenn, en þjónustustöðvar okkar mega ráða launað starfsfólk. 9. AA-samtökin sem slík ætti aldrei að skipuleggja en við getum myndað þjónustunefndir og ráð sem eru ábyrg gagnvart þeim sem þau starfa fyrir. 10. AA-samtökin taka ekki afstöðu til annarra mála en sinna eigin. Nafni þeirra ætti því að halda utan við deilur og dægurþras. 11. Afstaða okkar út á við byggist fyrst og fremst á aðlöðun en ekki áróðri. Í fjölmiðlu ættum við alltaf að gæta nafnleyndar. 12. Nafnleyndin er andlegur grundvöllur allra erfðavenja okkar og minnir okkur á að setja málefni og markmið ofar eigin hag.